

Ár 2011, fimmtudaginn 17. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram eftirfarandi dagskrárbreytingatillögu:

Við bætist liður: 2.2. Minnisblað frá fundi um Reykjadal og Grændal þann 16. nóvember 2011.

Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Ennfremur lagði formaður lagði fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar mótmælir harðlega ákvörðun um niðurlagningu Réttargeðdeildarinnar að Sogni og flutning starfseminnar á Klepp. Öll áform um sóknaráætlun Íslands 20/20 til eflingar atvinnulífs og lífsgæða í öllum landshlutum hljóma í besta falli hjákátlega í eyrum Sunnlendinga þegar yfir dynja einhliða ákvarðanir sem valda munu því að yfir 30 manns munu missa vinnuna í samfélagi sem telur 1900 manns. Miðað við fólksfjölda samsvarar slík uppsögn því að 1800 manns myndu missa vinnuna í Reykjavíkurborg á einu bretti. Sunnlendingar gera þá kröfu að faglega sé staðið að ákvörðunum og að vinnubrögð séu vandaðri en hér virðist vera raunin. Árangur starfseminnar að Sogni hefur verið afar góður en þaðan hafa 44 vistmenn útskrifast á þeim 20 árum sem réttargeðeildin hefur verið starfrækt. Enginn af þeim hefur brotið af sér eftir útskrift. Þetta hljóta að teljast bestu meðmæli sem völ er á með starfsemi af þessum toga.

Yfirmenn Landsspítala hafa farið mikinn í umræðunni undanfarnar vikur og ljóst er að einskis verður látið ófreistað til að draga til Reykjavíkur alla heilbrigðisþjónustu sem mögulegt er að soga af landsbyggðinni. Er það sú stefna sem við Íslendingar viljum búa við?

Bæjarráð Hveragerðisbæjar hvetur ráðherra Velferðarmála til að endurskoða umrædda ákvörðun. Í kjölfarið verði gerð fagleg úttekt óháðra aðila á kostum og göllum þess að réttargeðeildin verði áfram staðsett að Sogni. Víðtækt samráð verði haft við þá aðila sem ákvörðunin snertir og málið verði unnið af þeirri fagmennsku sem lagt er upp með í Sóknaráætlun 20/20 en ekki eftir gerræðislegum geðþóttaákvörðunum einstakra starfsmanna ríkisins.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Umhverfissráðuneytinu frá 3. nóvember 2011.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um framkomin drög að nýrri

skipulagsreglugerð.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og byggingafulltrúa er kanni hvort ástæða sé til að gera athugasemdir við framkomin drög.

1.2. Hagstofu Íslands frá 2. nóvember 2011.

Í bréfinu er kynnt að Hagstofa undirbýr nú töku manntals og húsnæðistal í árslok 2011. Óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélögum við þessa vinnu.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Skipulagsstofnun frá 25. október 2011.

Í bréfinu er kynnt landsskipulagsstefna 2012-2024 sem Umhverfisráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna að tillögu um.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Snorraverkefninu frá 7. nóvember 2011.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær styrki verkefnið á árinu 2012.

Bæjarráð samþykkir að ungmenni á vegum Snorraverkefnisins geti fengið starfsþjálfun á vegum Hveragerðisbæjar næsta sumar en sér sér því miður ekki fært að veita verkefninu fjárhagslegan stuðning þetta árið.

1.5. Stígamótum ódagsett.

Í bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi við Stígamót fyrir árið 2012.

Bæjarráð leggur til að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 verði gert ráð fyrir framlagi kr. 120.000,- til Stígamóta.

1.6. Sorpu frá 11. nóvember 2011.

Bréfið er svar við fyrirspurn Ólafs Karls Eyjólfssonar hjá Íslenska gámafélaginu ehf til Sorpu um refsiskatt á íbúa Flóahrepps, Hveragerðisbæjar og Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Lagt fram til kynningar.

1.7. SASS frá 14. nóvember 2011.

Í bréfinu er samþykkt frá stjórn SASS um að kanna vilja sveitarfélaganna til að sameinast um tilnefningar í vatnasvæðisnefnd.

Bæjarráð styður að sjálfsögðu framkomnar hugmyndir enda er erindið frá SASS sent í kjölfar bréfs Hveragerðisbæjar um sama erindi.

1.8. Héraðsskjalasafni Árneseinga frá 9. nóvember 2011.

Í bréfinu er kynnt að Héraðsskjalasafnið hafi hug á að ráða starfsmann frá Hveragerði í verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda úr Árneseyslu og óskar eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ vegna þessa.

Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

Héraðsskjalasafnið er rekið sem byggðasamlag og því hlýtur að vera eðlilegt að fjárútlát og launakostnaður þess falli undir sameiginlegan

rektur sé um sameiginleg verkefni að ræða eins og er í þessu tilviki en greiðist ekki eftir búsetu þeirra sem ynna verkin af hendi.

1.9. **Tónlistarfélagi Hveragerðis og Ölfus frá 13. nóvember 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ að upphæð kr. 150.000.- til að halda klassíska tónleika í Hveragerði árið 2012.

Bæjarráð leggur til að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 verði gert ráð fyrir framlagi kr. 50.000,- til félagsins.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Samkomulag við Sigfríði Sigurgeirsdóttur.**

Lagt fram samkomulag við Sigfríði Sigurgeirsdóttur vegna ráðninga í deildarstjórastöður við Grunnskólann í Hveragerði.

Samkomulagið samþykkt.

2.2. **Minnisblað frá fundi um Reykjadal og Grænsdal þann 16. nóvember 2011.**

Í minnisblaðinu kemur fram vilji þeirra sem viðstaddir voru umræddan fund að unnið verði að friðlýsingu Reykjadals og Grænsdals. Ennfremur kemur fram að brýnt sé að bæta öryggismál í dalnum, stýra umferð eftir betur skilgreindum göngu- og reiðleiðum, brúa læki á ákveðnum stöðum, skiltamál eru í ólestri og eins þarf að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn, s.s. salernisaðstöðu, aðstöðu til fataskipta við heita lækinn o.fl.

Í minnisblaðinu kemur fram vilji til þess að sótt verði um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en umsóknarfrestur í hann er til 25. nóvember n.k. Í fyrstu umferð verði sótt um styrk til undirbúnings friðlýsingar og nauðsynlegra úrbóta á öryggismálum á svæðinu.

Bæjarráð fagnar því að samstaða skuli vera um framtíðaráform um friðlýsingu Reykjadals og Grænsdals en þetta svæði er orðið afar eftirsótt sem útivistarsvæði enda einstakt á heimsvísu auk þess að vera ákjósanlega staðsett í jaðri stærsta þéttbýlis þjóðarinnar.

Bæjarráð leggur til að við fjárhagsáætlunargerð ársins 2012 verði lögð 1 mkr til nauðsynlegra úrbóta á svæðinu enda er samkomulag um það milli aðila að sama framlag komi frá Sveitarfélaginu Ölfusi og Eldhestum.

3. **Fundargerðir til kynningar:**

3.1. **SASS frá 27. október og 3. nóvember 2011.**

3.2. **Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands frá 10. nóvember 2011.**

3.3. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 27. október 2011.**

3.4. **Héraðsnefnd Árnesinga frá 20.-21. október 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:35

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)